

LÍÐAN BARNA

KÖNNUN UMBOÐSMANNS BARNA VORIÐ 2010



LÍÐAN BARNA – könnun umboðsmanns barna vorið 2010

© Umboðsmaður barna 2010

Umboðsmaður barna
Laugavegi 13, 2. hæð
101 Reykjavík

Sími: 552 8999
Gjaldfrjálst númer: 800 5999
Fax: 552 8966
Netfang: ub@barn.is
Heimasíða: www.barn.is

Rit þetta má ekki afrita með neinum hætti, svo sem ljósmyndum, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta til eða í heild án skriflegs leyfis útgefanda. Öll réttindi áskilin.

Prentun: Prentmet
ISBN 978-9935-9007-0-8

Efnisyfirlit

INNGANGUR	5
AÐFERÐ OG GÖGN	5
Þátttakendur og framkvæmd	5
Mælitæki	6
HELSTU NIÐURSTÖÐUR	7
1. Hefurðu fundið fyrir einhverjum kvilla eða veikindum síðastliðinn mánuð?	7
2. Hve oft hafa eftirtalin atvik komið fyrir þig í skólanum í vetur?	8
Einhver baktalaði mig	8
Ég var beitt/ur ofbeldi.....	8
Ég var skilin/n útundan	10
Einhver sagði eitthvað særandi við mig	11
Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig	11
Eitthvað slæmt var sagt um mig á netinu	12
3. Hve oft koma eftirfarandi atvik fyrir í skólanum?	13
Það er ró og næði í skólastofunni	13
Mér finnst ég örugg/ur á skólalóðinni	13
Ég er örugg/ur í skólastofunni	14
Mér leiðist í kennslustundum	15
Einhverjum er strítt í leikfimi eða sundi.....	16
Einhverjum er strítt í frímínútum.....	16
Það er einhver skilin útundan í bekknum	17
Krakkar slást á skólalóðinni.....	18
Mér finnst gaman að taka þátt í félagslífinu	19
Það er talað illa um einhvern í bekknum	19
Ég kvíði því að fara út í frímínútur	19
Kennarinn gerir lítið úr einhverjum krakkanna.....	20
Ég er hrædd/ur við kennarann	20
Ég kvíði því að fara heim eftir skóla	21
Vinir mínir eru áhyggjufullir	21
4. Hve oft hefur þér liðið svona í vetur?	22
Ég er einmana	22
Ég hef áhyggjur í skólanum	22
Ég hlakka til einhvers	23
Mér finnst enginn vilja vera vinur minn.....	23
Mig langar að rífast við einhvern	24

Ég er í góðu skapi	24
Ég sleppi einhverju skemmtilegu vegna þess að mér líður illa	25
Mig langar að eiga heima einhvers staðar annars staðar	26
Mér finnst skemmtilegt að hitta hina krakkana.....	26
5. Hversu oft hefur eftirfarandi komið fyrir síðastliðinn mánuð?.....	27
Ég hef áhyggjur af því hvernig allt verður þegar ég verð fullorðin/n.....	27
Við í fjölskyldunni gerum eitthvað skemmtilegt	27
Ég hef áhyggjur af vinnu foreldra minna	28
Foreldrar mínir eru áhyggjufullir.....	28
Mér finnst notalegt að vera nálægt foreldrum mínum	29
Foreldrar mínir rífast.....	30
Ég hugsa um peningamál	30
Ég hef áhyggjur af því hvar við eigum heima á næstunni	31
Foreldrar mínir passa vel upp á heimilið	31
Það er talað um stjórnmal á heimilinu.....	32
Ég held að vinur/vinkona flytji bráðum	32
Mér finnst fjölskyldan okkar glöð	33
Ég get talað um allt við foreldra mína.....	33
Mér finnst vera hræðsla við framtíðina á heimilinu	34
6. Hvað heldur þú að geti orðið til að laga skólann?	35
LOKAORÐ UMBOÐSMANNS BARNA	37

Inngangur

Hlutverk umboðsmanns barna er m.a. að standa vörð um hagsmuni barna, þarfir þeirra og réttindi á öllum sviðum samfélagsins. Eftir efnahagshrunið haustið 2008 hafa margar fjölskyldur upplifað fjárhagslegar þrengingar og finna fyrir streitu og kvíða því tengdu. Slíkt hefur óneitanlega áhrif á líðan barna og er mikilvægt að huga sérstaklega vel að börnum á erfiðum tímum. Eftir að hafa kallað eftir og fengið ábendingar um áhrif niðurskurðar í þjónustu við börn og barnafjölskyldur ákvað umboðsmaður barna að gera könnun haustið 2009 með það að markmiði að athuga hvernig börnum á Íslandi líður, bæði heima fyrir og í skólanum. Þegar leitað var til ráðgjafarhóps umboðsmanns barna, sem samanstendur af ungmennum á aldrinum 14-18 ára, kom fram skýr vilji þeirra til að umboðsmaður barna tæki ekki þátt í beinni umræðu um kreppu. Reynt var að taka tillit til þeirra sjónarmiða og nálgast efnið með könnuninni og leita þannig eftir upplifun barna á efnahagsástandinu.

Umboðsmaður barna vonast til að geta nýtt sér niðurstöður þessarar könnunar í starfi sínu í nánustu framtíð. Hluti könnunarinnar var samanburðarhæfur við könnun sem umboðsmaður barna gerði árið 2003 um líðan og streitu barna. Í framtíðinni verður stefnt að því að endurtaka könnunina og kanna hvernig þróunin á þessu sviði verður.

Umboðsmaður barna vill færa sérstakar þakkir til Rannsókna og greininga, Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd, þeirra skóla sem tóku þátt, starfsfólki sínu og síðast en ekki síst til allra barnanna sem svöruðu könnuninni.

Aðferð og gögn

Þátttakendur og framkvæmd

Sendur var tölvupóstur til allra skólastjóra á landinu og öllum 5. – 7. bekkjum boðin þátttaka í könnuninni. Tuttugu skólar tóku þátt, tíu á landsbyggðinni og tíu á höfuðborgarsvæðinu (sjá töflu 1). Svarhlutfall var um 83% eða 1344 nemendur af 1620 manna úrtaki. Svarhlutfall endurspeglast nokkuð af miklum fjarvistum nemenda vegna veikinda þegar könnunin var gerð.

Höfuðborgarsvæðið	Landsbyggðin
Tjarnarskóli í Lækjargötu	Hlíðarskóli – Akureyri
Grunnskóli Seltjarnarness – Mýrarhúsask.	Árskóli í Skagafirði
Engjaskóli	Grunnskóli Siglufjarðar
Borgarskóli,	Reykjahlíðarskóli
Vatnsendaskóli	Grunnskóli Mjóafjarðar
Hraunvallaskóli	Grunnskóli Reyðafjarðar
Kópavogsskóli	Hallormsstaðaskóli
Lágafellsskóli, Mosfellsbæ	Fellaskóli í Fellabæ
Rimaskóli	Grunnskólinn í Þorlákshöfn
Fellaskóli	Holtaskóli, Reykjanesbæ

Tafla 1. Skólar sem tóku þátt í könnuninni.

Af þeim sem svöruðu voru um 33% (445) á landsbyggðinni og 67% (899) á höfuðborgarsvæðinu. Kynjaskipting var nokkuð jöfn eða 649 (49%) stelpur á móti 679 (51%) strákuum. Einnig var skipting á milli árganga nokkuð jöfn, sjá hér að neðan:

- 5. bekkur, 433 nemendur eða um 33 %
- 6. bekkur, 466 nemendur eða um 35%
- 7. bekkur, 430 nemendur eða um 32%

Mælitæki

Notaður var spurningalisti sem Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) við Háskóla Íslands (HÍ) vann fyrir umboðsmann barna. Var hann að hluta til unninn upp úr eldri könnun en að öðru leyti voru spurningar aðlagaðar markmiði þessarar könnunar. Könnunin var framkvæmd dagana 10. – 12. febrúar 2010 og voru niðurstöður hennar unnar af Rannsóknnum og greiningu. Könnunin er að hluta til samanburðarhæf við eldri könnun sem umboðsmaður barna framkvæmdi árið 2002-2003. Úrtakið núna er hins vegar nokkuð stærra en árið 2003¹ og jafnari skipting er á milli árganga.

Auk bakgrunnsspurninga voru nemendur spurðir sex spurninga. Fimm þessara spurninga eru flokkaðar sem lokaðar spurningar og voru yfirleitt á fjögurra punkta raðkvarða þar sem breyturnar voru *aldrei*, *sjaldan*, *stundum* og *oft*. Í einu tilvikinu var notast við fimm punkta raðkvarða þar sem möguleikarnir voru *aldrei*, *einu sinni* til *tvisvar*, *tvisvar* til *þrisvar sinnum*, *einu sinni í viku* og *oft í viku*. Lokuðu spurningunum var svo skipt í undirflokka þar sem nánar var spurt um ákveðna líðan eða atvik. Í lokin var boðið upp á opna spurningu þar sem nemendur gátu komið sínum sjónarmiðum á framfæri um það hvernig hægt væri að laga skólann².


¹ Úrtakið 2003 var 322 nemendur úr 18 bekkjum í jafnmörgum skólum víðsvegar af landinu.

² Spurningalistinn í heild sinni er í viðauka 1 sem hægt er að nálgast á heimasíðunni www.barn.is.

Helstu niðurstöður

1. Hefurðu fundið fyrir einhverjum kvilla eða veikindum síðastliðinn mánuð?

Þessi spurning er samanburðarhæf við könnun sem umboðsmaður barna framkvæmdi árið 2003³. Í þeim samanburði eru færri börn sem segjast finna fyrir líkamlegum kvillum og vanlíðan nú en gerðu árið 2003. Þau virðast ekki vera eins þreytt núna, fá meiri hvíld og eru ekki eins pirruð (sjá mynd 1).



Mynd 1. Hefurðu fundið fyrir einhverjum kvilla eða veikindum sl. mánuð? Hlutfall (%) þeirra sem svara oft árin 2003 og 2009.

Einnig var opinn svarmöguleiki við þessa spurningu þar sem nemendur gátu sagt frá öðrum kvillum sem þeir höfðu fundið fyrir, ef einhverjum.⁴


³ Streita í lífi grunnskólabarna 2003.

2. Hve oft hafa eftirtalin atvik komið fyrir þig í skólanum í vetur?

Þessi spurning skiptist niður í undirflokkar þar sem spurt var um eftirtalið:

Einhver baktalaði mig

Á mynd 2 má sjá að um 15% segja að einhver hafi baktalað sig tvisvar til þrisvar í mánuði eða oftar, þar af eru um 3% sem segja að einhver baktali sig oft í viku.




Mynd 2. Svör nemenda við liðnum: Einhver baktalaði mig.

Ég var beitt/ur ofbeldi


Um 81% nemenda hafa aldrei verið beitt ofbeldi í skólanum. Það segir okkur hins vegar að um 19% hafa einhvern tímann verið beitt ofbeldi (sjá mynd 3).

⁴ Sjá viðauka 2.



Mynd 3. Svör nemenda við liðnum: Ég var beitt/ur ofbeldi.


Á mynd 4 má sjá skiptingu svara við liðnum „Ég var beitt/ur ofbeldi“, eftir kyni, búsetu og árgangi/aldri. Um 65% stráka í 5. bekk á höfuðborgarsvæðinu hafa aldrei verið beittir ofbeldi eins og sjá má á mynd 4. Það þýðir að um 35% þeirra hafa einhvern tímann verið beittir ofbeldi. Ennfremur er nokkur munur á milli stelpna og stráka að frátöldum 6. bekk á landsbyggðinni. Þetta gefur okkur vísbendingar um að strákar séu oftar beittir ofbeldi í skólum en stelpur.



Mynd 4. Hlutfall (%) stráka og stelpna í 5.-7. bekk á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni sem svara aldrei við liðnum „Ég var beitt(ur) ofbeldi“


Ég var skilin/n útundan

Á mynd 5 má sjá að um 72% segjast aldrei hafa verið skilin útundan meðan um 28% segjast hafa verið skilin útundan einu sinni á vetri og allt að oft í viku.



Mynd 5. Svör nemenda við liðnum: Ég var skilin/n útundan.


Á mynd 6 sýnir hvernig svör nemenda við liðnum „Ég var skilin/n útundan“ skiptast eftir kyni, búsetu og árgangi. Um 58% stelpna í 5. bekk á höfuðborgarsvæðinu segja að þær hafa aldrei verið skildar útundan miðað við 73% drengja í sama árgangi. Það gefur vísbendingu um að stelpur séu frekar skildar útundan en strákar.



Mynd 6. Hlutfall (%) stráka og stelpna í 5.-7. bekk á höfuðborgarsvæðinu og á landinu sem svara *aldrei* við liðnum „Ég var skilin/n útunda“.

Einhver sagði eitthvað særandi við mig


Um 48% segja að einhver hafi sagt eitthvað særandi við sig einu sinni eða oftar á tímabilinu. Þar af segja um 7% að einhver segi eitthvað særandi við sig einu sinni í viku eða oftar (sjá mynd 7).



Mynd 7. Svör nemenda við liðnum: Einhver sagði eitthvað særandi við mig.

Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig


Hvað varðar framkomu annarra krakka svara um 68% að þeim hafi *aldrei* liðið illa vegna framkomu annarra krakka. Það þýðir að um 32% hefur einhvern tímann liðið illa vegna þessa.



Mynd 8. Svör nemenda við liðnum: Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig.

Mynd 9 sýnir hvernig svör nemenda við liðnum „Mér leið illa af því hvernig krakkarnir létu við mig“ skiptast eftir, kyni, búsetu og árgangi. Stelpum líður almennt verr en strákurum vegna framkomu annarra í þeirra garð. Stelpum í 6. bekk á landsbyggðinni líður hvað verst vegna framkomu annarra en þar munar


um 11% á stelpum í 6. bekk á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni og um 21% á strákum og stelpum í 6. bekk af landsbyggðinni.



Mynd 9. Hlutfall (%) stráka og stelpna í 5.-7. bekk á höfuðborgarsvæðinu og á landinu sem svara *aldrei* við liðnum „Mér leið mjög illa af því hvernig krakkarnir létu við mig“.

Eitthvað slæmt var sagt um mig á netinu

Um 90% segja að aldrei hafi nokkuð slæmt verið sagt um sig á netinu. Um 1% segja hins vegar að eitthvað slæmt sé sagt um sig á netinu oft í viku.




Mynd 10. Svör nemenda við liðnum: Eitthvað slæmt var sagt um mig á netinu.

3. Hve oft koma eftirfarandi atvik fyrir í skólanum?

Þessi spurning skiptist niður í undirflokkka með eftirfarandi liðum:

Það er ró og næði í skólastofunni

Þegar spurt var um hvort það væri ró og næði í skólastofunni svöruðu um 36% því að það sé aldrei eða sjaldan ró og næði, um 22% svöruðu að það sé oft ró og næði (sjá mynd 11).



Mynd 11. Svör nemenda við liðnum: Það er ró og næði í skólastofunni.

Mér finnst ég örugg/ur á skólalóðinni


Í töflu 2 sést að um 15% nemenda finnst þeir aldrei eða sjaldan vera örugg á skólalóðinni og þar af upplifa 7,4% sig aldrei örugga. Samanborið við könnun umboðsmanns barna árið 2003⁵ þar sem spurt var „Finnst þér skólalóðin öruggur staður?“ svöruðu um 16% nemenda, „Nei, skólalóðin er ekki öruggur staður“.

	%
Aldrei	7,4
Sjaldan	7,3
Stundum	15,7
Oft	69,6

Tafla 2. Svör nemenda við spurningunni: Mér finnst ég örugg/ur á skólalóðinni.

Mynd 12 sýnir skiptingu svara nemenda við spurningunni „Mér finnst ég örugg/ur á skólalóðinni“ eftir kyni, árgangi og búsetu. Nemendur í 5. bekk eru yfirleitt óöruggari en eldri nemendur, sérstaklega á höfuðborgarsvæðinu.

⁵ Streita í lífi grunnskólabarna á Íslandi



Mynd 12. Hlutfall (%) stráka og stelpna í 5.-7. bekk á höfuðborgarsvæðinu og á landinu sem svara oft við liðnum: Mér finnst ég öruggur á skólalóðinni.


Ég er örugg/ur í skólastofunni

Í töflu 3 kemur fram að um 14,4% svara að þau séu sjaldan eða aldrei örugg í skólastofunni (sjá töflu 3). Það eru fleiri sem upplifa sig aldrei örugga í skólastofunni en á skólalóðinni eða um 9%.

	%
Aldrei	9,1
Sjaldan	5,3
Stundum	11,4
Oft	74,2

Tafla 3. Svör nemenda við liðnum: Ég er öruggur í skólastofunni


Á mynd 13 sést skipting á svörum nemenda eftir kyni, búsetu og árgangi. Ekki er mikill munur á milli bekkja og búsetu en þó má greina að strákar upplifa sig ekki eins örugga í skólastofunni og stelpur þó að munurinn sé lítill.



Mynd 13. Hlutfall (%) stráka og stelpna í 5.-7. bekk á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni sem svara oft við liðnum: Ég er öruggur í skólastofunni.

Mér leiðist í kennslustundum


Um 19% nemenda leiðist aldrei í kennslustundum eins og sjá má á mynd 14, sem er sama hlutfall og þeirra sem leiðist oft í kennslustundum. Tæpum helmingi leiðist hins vegar stundum eða oft í kennslustundum.



Mynd 14. Svör nemenda við liðnum: Mér leiðist í kennslustundum.

Einhverjum er strítt í leikfimi eða sundi


Um 10% nemenda segja að einhverjum sé stundum eða oft strítt í leikfimi eða sundi (sjá mynd 15).



Mynd 15. Svör nemenda við liðnum: Einhverjum er strítt í leikfimi eða sundi.

Einhverjum er strítt í frímínútum


Á mynd 16 má sjá að um 23% segja að einhverjum sé stundum eða oft strítt í frímínútum. Um 34% segjast hins vegar aldrei verða vör við stríðni í frímínútum.



Mynd 16. Svör nemenda við liðnum: Einhverjum er strítt í frímínútum.


Það er einhver skilin útundan í bekknum

Á mynd 17 má sjá að útilokun meðal jafningjahópsins er þó nokkur. Um 23% telja að einhver sé stundum eða oft skilin/n útundan.



Mynd 17. Svör nemenda við liðnum: það er einhver skilin/n útundan í bekknum.


Á mynd 18 má sjá skiptingu á svörum nemenda við liðnum: það er einhver skilinn útundan í bekknum, eftir kyni, búsetu og árgangi. Þegar litið er til hlutfalls stráka og stelpna eftir búsetu og bekk kemur fram lítill munur á milli árganga eins og sjá má á mynd 18. Hins vegar segja um 17% stelpna í 7. bekk á landsbyggðinni að einhver í bekknum sé skilin/n útundan og um 11% stelpna í 5. bekk á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 18. Hlutfall (%) stráka og stelpna í 5.-7. bekk á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni sem svara oft við liðnum: það er einhver skilin/n útundan í bekknum.


Krakkar slást á skólalóðinni

Töluvert margir segja að það sé slegist á skólalóðinni eins og sést á mynd 19. Einungis 23% segja að aldrei sé slegist.



Mynd 19. Svör nemenda við liðnum: Krakkar slást á skólalóðinni.


Á mynd 20 sést hlutfall stráka og stelpna eftir búsetu og bekk sem segja að krakkar sláist oft á skólalóðinni. Hér er nokkur munur á árgangi, þ.e. oftast er slegist á skólalóðinni hjá yngri bekkjum en þeim eldri.



Mynd 20. Hlutfall (%) stráka og stelpna í 5.-7.bekk á höfuðborgarsvæðinu og af landsbyggðinni sem svara oft við liðnum: Krakkarnir slást á skólalóðinni.

Mér finnst gaman að taka þátt í félagslífinu


Flestum finnst gaman að taka þátt í félagslífinu í skólanum en um 86% segja *oft* eða *stundum* (sjá mynd 21). Um 14% nemenda hafa hins vegar aldrei eða sjaldan áhuga á að taka þátt í félagslífi skólans.



Mynd 21. Svör nemenda við liðnum: Mér finnst gaman að taka þátt í félagslífinu.

Það er talað illa um einhvern í bekknum


Á mynd 22 má sjá að um 32% segja að oft eða stundum sé talað illa um einhvern í bekknum.



Mynd 22. Svör nemenda við liðnum: Það er talað illa um einhvern í bekknum.

Ég kvíði því að fara út í frímínútur


Á mynd 23 má sjá að um 94% nemenda kvíða því aldrei eða sjaldan að fara út í frímínútur, um 6% kvíða því stundum eða oft.



Mynd 23. Svör nemenda við liðnum: Ég kvíði því að fara út í frímínútur.

Kennarinn gerir lítið úr einhverjum krakkanna


Eins og sést á mynd 24 þá telja um 11% nemenda að kennarinn geri stundum eða oft lítið úr einhverjum krakkanna. Um 77% nemenda segja að kennarinn geri aldrei lítið úr einhverjum krakkanna.



Mynd 24. Svör nemenda við liðnum: Kennarinn gerir lítið úr einhverjum krakkanna.

Ég er hrædd/ur við kennarann


Á mynd 25 sést að um 88% eru aldrei hrædd við kennarann. Hins vegar eru um 5% stundum eða oft hrædd við hann.



Mynd 25. Svör nemenda við liðnum: Ég er hrædd/ur við kennarann.

Ég kvíði því að fara heim eftir skóla


Um 88% nemenda kvíða því aldrei að fara heim eftir skóla. Hins vegar eru um 6% sem kvíða því oft eða stundum.



Mynd 26. Svör nemenda við liðnum: Ég kvíði því að fara heim eftir skóla.

Vinir mínir eru áhyggjufullir

Um 8% nemenda telja vini sína vera áhyggjufulla á meðan um 64% telja að þeir séu aldrei áhyggjufullir (sjá mynd 27).




Mynd 27. Svör nemenda við liðnum: Vinir mínir eru áhyggjufullir.

4. Hve oft hefur þér liðið svona í vetur?

Þessi spurning skiptist niður í undirflokkar þar sem spurt var um eftirtalið:

Ég er einmana


Um 17% nemenda eru stundum eða oft einmana meðan um 53% eru aldrei einmana (sjá mynd 28).



Mynd 28. Svör nemenda við liðnum: Ég er einmana.

Ég hef áhyggjur í skólanum


Á mynd 29 sést að um 67% segjast aldrei hafa áhyggjur og um 9% segjast stundum eða oft hafa áhyggjur. Þessi niðurstaða er mjög áþekkt mynd 27 („Vinir mínir eru áhyggjufullir“).



Mynd 29. Svör nemenda við liðnum: Ég hef áhyggjur í skólanum.

Ég hlakka til einhvers


Um 87% segjast stundum eða oft hlakka til einhvers, 11% upplifa aldrei eða sjaldan tilhlökkun (sjá mynd 30)



Mynd 30. Svör nemenda við liðnum: Ég hlakka til einhvers.

Mér finnst enginn vilja vera vinur minn


Á mynd 31 sést að um 86% nemenda eiga auðvelt með að eignast vini. Hins vegar finnst um 15% stundum eða oft að enginn vilji vera vinur sinn.



Mynd 31. Svör nemenda við liðnum: Mér finnst enginn vilja vera vinur minn.

Mig langar að rífast við einhvern


Um 15% vilja stundum eða oft rífast við einhvern eins og sjá má á mynd 32.



Mynd 32. Svör nemenda við liðnum: Mig langar að rífast við einhvern.

Ég er í góðu skapi


Um 92% nemenda eru stundum eða oft í góðu skapi (sjá mynd 33).



Mynd 33. Svör nemenda við liðnum: Ég er í góðu skapi.

Ég sleppi einhverju skemmtilegu vegna þess að mér líður illa


Á mynd 34 sést að um 12% segjast sleppa einhverju skemmtilegu vegna vanlíðanar.



Mynd 34. Svör nemenda við liðnum: Ég sleppi einhverju skemmtilegu vegna þess að mér líður illa.


Mig langar að eiga heima einhvers staðar annars staðar

Um 22% segja stundum eða oft að þau langi til að eiga heima annars staðar (sjá mynd 35)



Mynd 35. Svör nemenda við liðnum: Mig langar að eiga heima einhvers staðar annars staðar.

Mér finnst skemmtilegt að hitta hina krakkana




Mynd 36. Svör nemenda við liðnum: Mér finnst skemmtilegt að hitta hina krakkana.

5. Hversu oft hefur eftirfarandi komið fyrir síðastliðinn mánuð?

Þessari spurningu var skipt niður í undirflokka þar sem spurt var um eftirtalið:

Ég hef áhyggjur af því hvernig allt verður þegar ég verð fullorðin/n


Á mynd 37 sést að um 22% hafa áhyggjur af framtíðinni.



Mynd 37. Svör nemenda við liðnum: Ég hef áhyggjur af því hvernig allt verður þegar ég verð fullorðin/n.

Við í fjölskyldunni gerum eitthvað skemmtilegt


Um 86% segja að fjölskyldan geri eitthvað skemmtilegt saman (sjá mynd 38).



Mynd 38. Svör nemenda við liðnum: Við í fjölskyldunni gerum eitthvað skemmtilegt.

Ég hef áhyggjur af vinnu foreldra minna


Á mynd 39 sést að um 14% segjast stundum eða oft hafa áhyggjur af vinnu foreldra sinna.



Mynd 39. Svör nemenda við liðnum: Ég hef áhyggjur af vinnu foreldra minna.

Foreldrar mínir eru áhyggjufullir


Um 85% segja að foreldrar sínir séu aldrei eða sjaldan áhyggjufullir eins og sjá má á mynd 40. Hins vegar telja um 16% að foreldrar þeirra séu oft eða stundum áhyggjufullir.



Mynd 40. Svör nemenda við liðnum: Foreldrar mínir eru áhyggjufullir.


Mér finnst notalegt að vera nálægt foreldrum mínum

Miklum meirihluta nemenda, eða um 93% nemenda, finnst stundum eða oft notalegt að vera nálægt foreldrum sínum, eins og sést á mynd 41.



Mynd 41. Svör nemenda við liðnum: Mér finnst notalegt að vera nálægt foreldrum mínum.


Mynd 42 sýnir skiptingu svara nemenda við spurningunni „Mér finnst notalegt að vera nálægt foreldrum mínum“ eftir kyni, búsetu og árgangi. Yngri nemendum finnst notalegra að vera nálægt foreldrum sínum en eldri nemendum. Það á hins vegar ekki við um stráka á höfuðborgarsvæðinu sem finnst ekki eins notalegt að vera nálægt sínum foreldrum og stelpum á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 42. Hlutfall (%) stráka og stelpna í 5.-7. bekk á höfuðborgarsvæðinu og á landinu sem svara oft við liðnum: Mér finnst notalegt að vera nálægt foreldrum mínum.

Foreldrar mínir rífast


Um 91% segja að foreldrar sínir rífast aldrei eða sjaldan. Um 9% segja að foreldrar sínir rífast oft eða stundum (sjá mynd 43).



Mynd 43. Svör nemenda við liðnum: Foreldrar mínir rífast.

Ég hugsa um peningamál


Um 28% hugsa stundum eða oft um peningamál (sjá mynd 44).



Mynd 44. Svör nemenda við liðnum: Ég hugsa um peningamál.

Ég hef áhyggjur af því hvar við eigum heima á næstunni


Á mynd 45 sést að um 12% hafa stundum eða oft áhyggjur af því hvar þau munu eiga heima á næstunni.



Mynd 45. Svör nemenda við liðnum: Ég hef áhyggjur af því hvar við munum eiga heima á næstunni.

Foreldrar mínir passa vel upp á heimilið


Mikill meirihluti segir að foreldrar sínir passi oft eða stundum upp á heimilið eða um 98% (sjá mynd 46)



Mynd 46. Svör nemenda við liðnum: Foreldrar mínir passa vel upp á heimilið.

Það er talað um stjórnmál á heimilinu


Um 76% segja að á heimili sínu sé aldrei eða sjaldan talað um stjórnmál. Um 23% segja að rætt sé stundum eða oft um stjórnmál (sjá mynd 47).



Mynd 47. Svör nemenda við liðnum: það er talað um stjórnmál á heimilinu.

Ég held að vinur/vinkona flytji bráðum


Um 16% telja að vinur eða vinkona flytji bráðum (sjá mynd 48).



Mynd 48. Svör nemenda við liðnum: Ég held að vinur/vinkona flytji bráðum.

Mér finnst fjölskyldan okkar glöð


Um 94% nemenda finnst fjölskylda þeirra stundum eða oft vera glöð (sjá mynd 49).



Mynd 49. Svör nemenda við liðnum: Mér finnst fjölskyldan okkar glöð.


Ég get talað um allt við foreldra mína

Á mynd 50 sést að um 87% nemenda geta stundum eða oft talað um allt við foreldra sína.



Mynd 50. Svör nemenda við liðnum: Ég get talað um allt við foreldra mína.


Á mynd 51 má sjá skiptingu svara nemenda við spurningunni „Ég get talað um allt við foreldra mína“, eftir kyni, búsetu og árgangi. Eftir því sem börn verða eldri fara foreldrar að skipta minna máli. Ekki er hægt að greina mikinn mun á milli kynja en það er töluverður munur á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.



Mynd 51. Hlutfall (%) stráka og stelpna í 5.-7. bekk á höfuðborgarsvæðinu og á landinu sem svara *oft* við liðnum: Ég get talað um allt við foreldra mína.

Mér finnst vera hræðsla við framtíðina á heimilinu

Um 94% nemenda finnst aldrei eða sjaldan vera hræðsla við framtíðina á heimili sínu (sjá mynd 52).



Mynd 52. Svör nemenda við liðnum: Mér finnst vera hræðsla við framtíðina á heimilinu.

6. Hvað heldur þú að geti orðið til að laga skólann?

Í lok spurningarlistans var opin spurning þar sem nemendum var gefinn kostur á að koma sínum skilaboðum á framfæri um hvað hægt væri að gera til að laga skólann þeirra. Spurningin hljómaði svona: „Stundum áttar fullorðna fólkið sig ekki á því hverju er hægt að breyta til að gera skólann notalegri og betri. Hvað heldur þú að geti orðið til að laga skólann?“

Hér er nemendum mjög tíðrætt um mat, öryggi og hávaða, aðbúnað og skipulag, starfsfólk, vini og vinaleysi. Þau vildu m.a. betri mat, meiri gæslu í frímínútum, betra námsskipulag, fleiri leiktæki á lóðum, láta stoppa einelti og margt fleira. Hér að neðan og til hliðar má sjá dæmi um svör nemenda⁶.

Öryggi

Það ættu að koma fleiri gangaverðir út að fylgjast með krökkunum í frímínútum.

Stelpa 6. bekk.

Kannski að hafa betri gæslu á skólalóðinni, kannski hægt að leyfa að vera bæði úti og inni í frímínútum eða kenna meira af lesskilningi og leiklist.

Stelpa 6. bekk.

Skemmtilegri kennarar, klósettin hreinni, betri kennslu, betri skólalóð og öruggari skólalóð.

Strákur 6. bekk

Hafa meiri gæslu í útivist og bæta matinn mikið!

Strákur 7. bekk

Einelti - vinátta

Talað alltaf við krakkana sem eru að stríða og hinn krakkann og leyst úr málum svo sumir krakkar kvíði ekki við að fara í skólann.

Stelpa 6. bekk

Það gæti verið reynt að minnka það að allir eru alltaf að baktala alla. Það er líka stundum skilið útundan.

Strákur 6. bekk

Tala við mann, sagt er að þögnin er versti óvinurinn.

Stelpa 5. bekk

Að allir verða vinalegir og án þess að rífast og baktala um aðra og ekki skilja útundan og allir verða vinalegir.

Stelpa 5. bekk

Ekki leggja neina í einelti og láta krakkana sem líða illa líða vel.

Stelpa 6. bekk

Stoppa stríðni og einelti.

Strákur 5. bekk

Krakkarnir í skólanum ættu að gera fleiri skemmtilega hluti saman.

Stelpa 7. bekk

⁶ Sjá nánar í viðauka 3

Kennarar og starfsfólk

Að fólk taki meira mark á krökkunum. Oft erum við með góðar hugmyndir og að skólaliðar geri eitthvað til að bjarga málunum í frímínútum.

Stelpa 7. bekk

Að kennarar verða að hrósa krökkum betur og ekki að hrósa bara þeim sem eru klárari og þegar þau reiðast útaf pirringi þá ekki koma illa fram við krakkana og meira að hjálpa krökkum sem eiga vandamál með heimanámið og leifa öðrum krökkum að hjálpa öðrum sem vantar hjálp þegar kennarinn getur ekki hjálpað strax.

Strákur 6. bekk

Sleppa að öskra, hætta að gefa öllum þeim sem hafa vandamál meiri sjéns, þá læra þeir ekki neitt.

Strákur 5. bekk

Kennarar taki meira mark á krökkunum og að þeir hrósi okkur meira og beri aðeins meiri virðingu fyrir okkur krökkunum.

Stelpa 7. bekk

Láta kennara og gangaverði róa sig aðeins. Hafa bara tvo árganga úti í einu.

Strákur 5. bekk

Maturinn - matartíminn

Laga hávaða í matsalnum – Laga læti á göngunum – Laga að allir krakkar séu að hlaupa á göngunum.

Stelpa í 5. bekk

Að hætta með hávaða í matsalnum og í stofunni. Hætta með dónaskap og skilja útundan. Gera meira saman.

Stelpa 5. bekk

Sleppa honum! (Ef ekki þá breyta matnum. Hann er versta eitur sem ég hef á ævi minni smakkað!)

Stelpa 6. bekk

Ég veit ekki alveg, mér finnst skólinn fínn eins og hann er en kokkurinn mætti vera með húfu eða eitthvað þegar hann er að elda, ég hef fundið hár í matnum svona 500 sinnum.

Stelpa 6. bekk

Mér finnst varla neitt slæmt í þessum skóla. Stundum verð ég pirruð út af því að mér finnst maturinn ekki góður, en það er ekki alltaf. Mér líður næstur alltaf vel í skólanum og ég á trausta og skemmtilega vini og vinkonur.

Stelpa 7. bekk

Látið betri mat án hárs og ógeðis. ☺ bæ bæ ☺

Stelpa 6. bekk

Aðbúnaður - skipulag

Fá betri aðstoð í skóla sem eru lesblindir og eru ekki góðir í stærðfræði fá fría hjálp með stærðfræði.

Strákur 7. bekk

Ég veit að það eru ekki miklir peningar til en gera eitthvað skemmtilegt fara í leikhús eða gera eitthvað gaman. Betri matur! Ekki vinna alltaf í bókum, gera eitthvað frumlegt!!!!!!

Strákur 7. bekk

Hafa meira af list og verkgreinum. Meiri tíma í hvert og eitt verkefni. Útskýra betur námið, kenna hverjum og eins og hentar fyrir hann. Leyfa börnum að vera með vinum sínum og hlusta á nemendur.

Stelpa 6. bekk

Mér finnst óþægilegir stólar. Mér finnst að það mætti geyma dótið í skólanum, taskan er stundum svo þung og ég fæ illt í bakið.

Stelpa 7. bekk

Hafa fleiri leiktæki til að börn geti leikið sér í og brennóvöll eða skotboltavöll og síðan gera eitthvað fleira fyrir krakkana í skólanum.

Stelpa 6. bekk

Stytta skólann, minni heimavinna, meiri friður, fara seinna í skólann og fara fyrir úr honum og gera fleira skemmtilegt, fara í fleiri skólaferðalög.

Stelpa 7. bekk

Lokaorð umboðsmanns barna

Niðurstöður þessara könnunar eru að mörgu leyti jákvæðar og af þeim má sjá að meirihluta barna líður vel. Í könnuninni sést að börn telja sig minna pirruð, finna minna fyrir þreytu á daginn, segjast sjaldnar vera með vöðvabólgu, bakverk og magaverk, segjast fá betri svefn, færri martraðir o.fl. en árið 2003. Allt eru þetta kvillar sem tengja má við streitu og má því draga af þessu þá ályktun að börnum líði almennt betur í dag en fyrir sjö árum.

Hugsanlega má tengja þessa góðu þróun því að umræða um uppeldismál, ábyrgð foreldra og velferðarmál barna er algengari nú en á árunum fyrir 2003. Einnig má velta því fyrir sér hvort aðgengi barna að heilbrigðisþjónustu sé betra nú en þá og aðgerðir til að jafna tækifæri barna til þátttöku í skipulögðu frístundastarfi séu farnar að skila sér. Hver sem ástæðan kann að vera er umboðsmaður barna ánægður með þessar niðurstöður þó að enn megi gera betur í framtíðinni. Það er ýmislegt í svörunum sem vekur áhuga umboðsmanns barna. Það er til dæmis sláandi hve margir upplifa sig óörugga í skólanum, bæði á skólalóðunum og í kennslustofunum. Um 15% nemenda upplifa sig aldrei eða sjaldan örugg í skólanum, sem þeim ber skylda að sækja í um 170 daga á ári, í 10 ár að meðaltali. Það veldur umboðsmanni barna verulegum áhyggjum. Öryggi á skólalóðum virðist vera ábótavant og það kemur hér berlega í ljós að börn vilja fá betra eftirlit í frímínútum. Að sjá kennara eða annað starfsfólk úti á skólalóðinni veitir þeim öryggi. Meirihluti nemenda upplifir öryggi í skólastofunni en það eru rúm 14% sem upplifa það ekki og um 11% segja að kennarinn geri stundum eða oft lítið úr einhverjum krakkanna. Þetta er áhyggjuefni þar sem skólastofan er aðalvinnustaður nemenda og þar þurfa þeir að eiga skjól þar sem vel er tekið á móti þeim og gagnkvæm virðing ríkir á milli kennara og nemenda.

Þegar spurt er um ofbeldi í skólum þá eru strákar líklegri til að segja að einhver hafi verið beittur ofbeldi í skólanum á meðan stelpur telja að fleiri séu skildir útundan. Stúlkum líður einnig verr vegna framkomu annarra krakka í þeirra garð. Þetta gefur vísbendingu um að stelpur upplifi meira andlegt ofbeldi meðan strákar upplifi líkamlegt ofbeldi. Útilokun úr jafningjahópnum er eitt birtingarform eineltis og hefur oft mjög alvarlegar afleiðingar fyrir þann sem er útilokaður. Að fá tækifæri til að mynda tengsl við jafnaldra sína er mikilvægt fyrir sjálfsmynd barna og unglinga. Þau læra þar samskipti og fá tækifæri til að samsama sig öðrum. Það að um 23% nemenda segi að einhver sé skilin(n) útundan í bekknum er mikið áhyggjuefni. Það vekur athygli umboðsmanns barna að um 17% stelpna á landsbyggðinni segja að einhver hafi verið skilin útundan í bekknum.

Í könnuninni kvörtuðu margir nemendur undan hávaða í kennslustofum, í matsal og á göngum. Maturinn var einnig mikið gagnrýndur og voru margir þeirra skoðunar að hann mætti taka til endurskoðunar, bjóða upp á fjölbreyttari fæðu og gæta betur að hreinlæti. Það er okkar fullorðna fólksins að taka tillit til þessara skoðana og taka þessum ábendingum fagnandi í leit okkar við að bæta nærumhverfi barnanna.

Börnum virðist almennt líða vel heima hjá sér. Þeim finnst langflestum notalegt að vera nálægt foreldrum sínum, eru glöð og hafa sterk tengsl við fjölskylduna sína. Mikill meirihluti nemenda, eða um 98%, telur foreldra sína passa vel upp á heimilið. Ennfremur segjast um 86% barna aldrei eða sjaldan hafa

áhyggjur af vinnu foreldra sinna. Af þessu má álykta að langflestir foreldrar hugi vel að hag barna sinna og séu ekki að beina hugsanlegum áhyggjum sínum til þeirra. Nokkur hluti barna hugsar mikið um peningamál en það kann frekar að stafa af almennri umræðu í samfélaginu um fjármál en umræðu foreldra um fjárhag þeirra.

Þrátt fyrir að meirihluta nemenda líði almennt vel þá eru um 10 – 15% nemenda sem líður ekki vel, hvort sem spurt er um málefni skólans eða fjölskyldunnar. Þetta hlutfall er nokkuð gegnumgangandi í svörunum. Þetta þýðir að um 130-200 af börnunum sem tóku þátt í könnuninni líður ekki nægilega vel. Það eru alltof mörg börn að mati umboðsmanns barna. Hér að neðan eru nokkur dæmi um það sem veldur umboðsmanni áhyggjum:

- 12% nemenda segjast stundum eða oft sleppa einhverju skemmtilegu vegna þess að sér líði illa
- 15% nemenda segjast stundum eða oft finnast enginn vilja vera vinur sinn
- 17% nemenda segjast stundum eða oft vera einmana
- 8% nemenda segjast aldrei eða sjaldan finnast skemmtilegt að hitta hina krakkana
- 15% nemenda segjast stundum eða oft langa að rífast við einhvern
- 15% nemenda segjast aldrei eða sjaldan gera eitthvað skemmtilegt með fjölskyldunni
- 9% nemenda segja að foreldrar sínir rífast stundum eða oft
- 13% nemenda segjast aldrei eða sjaldan hlakka til einhvers

Mikilvægt er að ná til þessa hóps barna sem líður illa. Til þess að það takist þurfa foreldrar og fagfólk sem vinnur með börnum að hafa augun opin fyrir líðan barna og hafa góða samvinnu sín á milli til að tryggja að hvert einasta barn fái þjónustu og aðstoð í samræmi við það sem er því fyrir bestu.

Þessar niðurstöður eru mjög mikilvægar og nauðsynlegar fyrir umboðsmann barna til að fá betri innsýn inn í hag og líðan barna. Það er von hans að niðurstöðurnar geti einnig nýst öðrum sem vinna að því að bæta hag barna. Stefnt er að því að þessi könnun verði gerð með reglubundnum hætti hér eftir.